

Borgarráð

Tillaga um stofnun manneklupotts

Lagt ert til að borgarráð samþykki að veita starfsstöðum Reykjavíkurborgar heimild til að ráða starfsfólk sem nú þegar starfar hjá Reykjavíkurborg þó að starfshlutfall þeirra fari yfir 100%. Komið verði til móts við þann umframkostnað sem skapast úr sérstökum potti að fjárhæð 15.mkr. Er þessari aðgerð ætlað að koma til móts við þá starfsstaði þar sem mannekla er. Mannauðsdeild ráðhúss verði falið að útfæra framkvæmdina nánar og kynna fyrir starfsstöðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við mannauðsþjónustur fagsviða.

Greinagerð

Á undanförnum misserum hefur sú regla Reykjavíkurborgar að ekki sé hægt að ráða starfsmenn í meira en 100% starf haft áhrif á mönnun starfsstaða Reykjavíkurborgar. Innan borgarkerfisins eru fjölmörg dæmi þess að starfsmenn hafi ráðið sig í aukavinnu hjá nágrannasveitarfélögum eða öðrum aðilum samhliða starfi hjá Reykjavíkurborg þar sem þeim hefur ekki verið heimilt að sinna slíku starfi samhliða aðalstarfi hjá Reykjavíkurborg ef samanlagður starfstími fer fram yfir 100%.

Samkvæmt kjarasamningum er heimilt að ráða starfsfólk með þeim hætti en ef vinna þeirra fer umfram 100% starfshlutfall á að greiða starfsmanninum yfirvinnu. Fáir starfsstaðir hafa fjárhagslegt svigrúm til þess að ráða starfsmenn á þeim forsendum. Til þess að starfsstaðir Reykjavíkurborgar geti ráðið starfsfólk sem þegar er í vinnu hjá Reykjavíkurborg og samanlegt starfshlutfall fer fram yfir 100% þarf viðbótarfjármagn til að standa straum af mismun á dagvinnulaunum og yfirvinnulaunum. Lagt er til að 15 mkr. verði veitt til að greiða þennan mismun. Framkvæmdin verði með þeim hætti að starfsstaðir sækji um að fá greiddan mismun á þeim launum sem að þeir hefðu greitt starfsmanninum ef að hann væri ekki í öðru starfi hjá Reykjavíkurborg og yfirvinnulaununum. Mannauðsdeild ráðhúss verði falið að útfæra framkvæmdina nánar og kynna fyrir starfsstöðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við mannauðsþjónustur fagsviða.

Dæmi um þetta er starfsmaður sem ráðinn er í tímavinnu og fær greiddar 1.893 kr á tímann. Vinni hann utan hefðbundins vinnutíma frá kl. 8.00 til 17.00 fær hann greitt sérstakt álag, ýmist 33%, 55% eða 90% í samræmi við ákvæði viðkomandi kjarasamnings. Þar sem 90% álag á aðeins við um stórhátíðar miða útreikningar við 33% og 55% álag. Í meðfylgjandi töflu má sjá þau laun sem væru greidd starfsmanni í allt að 100% starfshlutfalli samanborðið við það sem greiða þarf í yfirvinnu aðila sem er í meira en 100% starfshlutfalli.

Tegund	Laun	Yfirvinnukaup	Mismunur á yfirvinnu- og tímakaupi
Tímakaup	1.893	3.197	1.304
Tímak. með 33% álagi	2.518	3.197	679

Tímak. með 55% álagi	2.935	3.197	262
----------------------	-------	-------	-----

Ef miðað er við að laun séu áþekk og sýnt er í dæminu hér að ofan má gera fyrir því að kostnaður við hverja viðbótarstund geti verið á bilinu 330 til 1605 kr. þegar tekið hefur verið tillit til launatengdra gjalda. Gera má ráð fyrir því að fyrir hverja milljón sem sett væri í slíkan pott þá væri hægt kaupa 619 til 3.030 viðbótarstundir. Lagt er til að í tilraunaskyni verði sett 15 mkr fjármagn sem gefur möguleika á því að kaup 9.300 til 45.450 stundir.

Dagur. B. Eggertsson